

Fundargerð skipulagsnefndar UTU
248. fundur skipulagsnefndar UTU
haldinn á Borg þriðjudaginn 1. nóvember 2022
og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Walter Fannar Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson, Nanna Jónsdóttir, Vigfús Þór Hróbjartsson, Davíð Sigurðsson og Elísabet D. Erlingsdóttir.

Fundargerð ritaði: Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

Fundargerð var send til nefndarmanna til rafrænnar undirritunar.

Dagskrá:

Ásahreppur:

1. Lækjartún II L215415; Tengivirk; Deiliskipulagsbreyting - 2209081

Lögð er fram umsókn frá Sveitakarlinum ehf. er varðar deiliskipulagsbreytingu í landi Lækjartúns II L215415. Með deiliskipulagsbreytingunni verður bætt við 5 lóðum austan við lóð tengivirkis. Á nýjum lóðum er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað. Með breytingunni stækkar skipulagssvæðið úr riflega 2 ha í um 8 ha

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við hreppsnefnd Ásahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi

2. Áskot L165263; Deiliskipulag - 2204011

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðar Áskots í Ásahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda sem taka m.a. til vélaskemmu, reiðhallar og hesthúss, viðbyggingar við núverandi skemmu og reita fyrir gistihús og tækjaskúr. Umsagnir sem bárust við auglýsingu málsins lagðar fram ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við hreppsnefnd Ásahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Bláskógbabyggð:

3. Reykholt; Bjarkarbraut 14 L190016 og Bjarkarbraut 16 L190017; Breytt lóðamörk; Deiliskipulagsbreyting - 2210029

Lögð er fram umsókn frá Sveinbirni Agli Björnssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Reykholt. Í breytingunni felst breytt lega lóðarmarka á milli lóða Bjarkarbrautar 14 og 16.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

4. Bergsstaðir lóð A3 (Kelduendi) L219953; Birkiberg L234553; Stækkun byggingarreits og aðkoma færð; Deiliskipulagsbreyting - 2210043

Lögð er fram umsókn frá Jónínu Guðrúnu Einarsdóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi á lóðum Bergstaða lóð A3 og Birkibergi. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits auk þess sem aðkoma er færð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

5. Víkurholt 2 (L190967); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - 2210025

Fyrir liggur umsókn Bergs Þ. Arthúrssonar og Guðrúnar K. Gunnarsdóttur, móttokin 10.10.2022, um byggingarheimild fyrir 86 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Víkurholt 2 L190967 í Bláskógabyggð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málínus vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Málið verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi landeigna og landeigenda upprunalandsins.

6. Skálabrekka-Eystri L224848; Grjótnes- og Hellunesgata, landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag - 2210051

Lögð er fram umsókn frá Vilborgu Halldórsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til landbúnaðarlóða í landi Skálabrekku-Eystri. Í deiliskipulaginu er gert er ráð fyrir 17 landbúnaðarlóðum á um 75 ha svæði. Stærðir lóða eru frá 30.488 fm til 45.733 fm. Innan lóða er gert ráð fyrir heimild til að reisa tvö íbúðarhús ásamt aukahúsi á lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03.

Skipulagsnefnd UTU gerir athugasemdir við heimildir deiliskipulagsins sem m.a. taka til þess að heimilt sé að byggja tvö íbúðarhús innan hvers reits. Að mati nefndarinnar býður slíkt upp á vandamál til framtíðar varðandi uppskiptingu lóða vegna eignarhalds á íbúðarhúsum innan þeirra. Nefndin telur að sama skapi mikilvægt að settir séu fram skýrir skilmálar innan deiliskipulags sem taka til hugsanlegrar ruslsofnunar og geymslu á lausafjármunum innan lóða. Jafnframt telur nefndin ekki æskilegt að á svæðinu sem heimilt að stunda atvinnurekstur eins og t.d. rekstur verkstæðis sem sérstaklega er tiltekið um í skilmálum deiliskipulagstillögunnar. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að málínus verði frestað og að skipulagsfulltrúa verði falið að annast samskipti við umsækjanda um breytingar á skilmálum deiliskipulagsins. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að sett sé fram skýr stefnumörkun um hvers konar uppyggingu sveitarfélagið sér fyrir sér til framtíðar innan svæðisins.

7. Bjarkarbraut 11 L194933; Stækkun bygg.reits; Dsk.breyting - 2210059

Lögð er fram umsókn frá Arnhildi Pálmadóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi Reykhols er varðar Bjarkarbraut 11. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykka framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

8. Einiholt 1 land 1 L217088; Úr landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2110061

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Einiholts 1 land 1 L217088 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði. Umsangir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess eftir auglýsingu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykka breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslagar nr. 123/2010.

9. Skálabrekka L170163; Malarnáma E3; Framkvæmdarleyfi - 2208033

Lögð er fram umsókn frá Heiðarás ehf er varðar framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku úr malarnámu skilgreind E3 á aðalskipulagi Bláskógabyggðar eftir grenndarkynningu. Samkvæmt upplýsingum frá umsækjanda hefur verið tekið um 4.700 m³ af efni úr námunni. Umsótt efnistaka er áætluð alls um 33.000 m³. 16.000 m³ vegna vegagerðar innan jarðar Skálabrekku L170163 og 12.000 vegna annarra framkvæmda á 6 ára tímabili. Gert er ráð fyrir því að samhliða verði sótt um starfsleyfi fyrir námunni. Umsækjandi bendir jafnframt á að náman er ranglega staðsett á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Athugasemd barst við grenndarkynningu málsins og er málið því tekið fyrir aftur eftir kynningu.

Skipulagsnefnd getur ekki tekið afstöðu til heimilda til efnistöku eiganda aðliggjandi jarðar í takt við framlagðrar athugasemdar vegna framkvæmdarleyfis. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að útgáfa framkvæmdarleyfis verði samþykkt eftir grenndarkynningu.

10. Hraunstígur 1 L170333; Breytt lega lóðar og hnítsetning - 2210035

Lögð er fram umsókn Sverris Tómassonar er varðar stækkun lóðar Hraunstígur 1 L170333. Lóðin er í dag skráð 2.000 fm en verður 4.734 fm eftir breytingu skv. meðfylgjandi lóðablaði. Stækkunin kemur úr landi Kárastaða L170159.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stækkun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykki erindið með fyrirvara um uppfærð gögn.

11. Bergsstaðir L167202; Stækkan frístundareits F84; Aðalskipulagsbreyting - 2108051

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bergsstaða í Bláskógabyggð eftir auglýsingu. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir breyttri afmörkun frístundasvæðis. Annars vegar er um að ræða stækkan, samtals um rúma 6 ha, í landi Bergstaða L167202 og hins vegar er um að ræða breytta landnotkun frístundasvæðis í landi Bergstaða 167201, sem verður landbúnaðarland að breytingu lokinni. Umsagnir sem bárust vegna málsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

12. Bergsstaðir L167201; Úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2108054

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bergsstaða í Bláskógabyggð eftir auglýsingu. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir breyttri afmörkun frístundasvæðis. Annars vegar er um að ræða stækkan, samtals um rúma 6 ha, í landi Bergstaða L167202 og hins vegar er um að ræða breytta landnotkun frístundasvæðis í landi Bergstaða 167201, sem verður landbúnaðarland að breytingu lokinni. Umsagnir sem bárust vegna málsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Flóahreppur:

13. Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag - 1907022

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar eftir auglýsingu. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu. Umsagnir sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

14. Þingdalur L166405; Deiliskipulag - 2210038

Lögð er fram umsókn frá Jóhönnu Erlu Guðmundsdóttur er varðar deiliskipulag innan jarðar Þingdals L166405. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurbótum eða endurbyggingu á núverandi íbúðarhúsi og útihúsum og eru þannig skilgreindir byggingarreitir utan um þau hús. Auk þess gerir skipulagið ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

15. Krækishólar 2 L229571; Stækkun á lóð 2; Deilisk.breyting - 2210040

Lögð er fram umsókn frá Atla Lillendahl er varðar breytingu á deiliskipulagi Krækishóla 2 L229571. Í breytingunni felst stækkun á lóð 2 sem er samkvæmt núverandi skipulagi 5.333 fm en verður eftir breytingu 6.951 fm. Samhliða er gert ráð fyrir 70 m tilfærslu á aðkomuvegi að svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

16. Villingaholt 2 L166403; Flatholt; Stofnun lóðar - 2210044

Lögð er fram umsókn frá Forsætisbýlinu ehf er varðar stofnun 9,7 ha lóðar úr landi Villingaholts 2 L166403. Lóðin fær staðfangið Flatholt.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um samþykki landeigenda aðliggjandi jarða vegna sameiginlegra landamerkjá. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

17. Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2208025

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf. er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjarholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Skipulagslýsing verkefnisins var kynnt 29.9 - 21.10.2022, umsagnir bárust við lýsingu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslagar nr. 123/2010.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

18. Hvítuborgir L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag - 2203020

Lögð er fram tillaga deiliskipulags í landi Hvítuborgar L218057 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingaheimilda vegna reksturs verslunar- og þjónustu innan svæðisins. Gert er ráð fyrir uppbryggingu þjónustuhúsa,

starfsmannahúsa auk allt af 15 stakra gistihúsa sem hvert um sig mega vera allt að 90 fm að grunnfleti. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri deiliskipulagstillögu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að farið verði að umsögn Minjastofnunar vegna málsins og fornleifar verði skráðar innan þess svæðis sem deiliskipulagið tekur til. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að afgreiðslu málsins verði frestað eftir auglýsingu þar til skyrsla um skráningu fornminja innan svæðisins liggur fyrir.

19. Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; Deiliskipulag - 2210030

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til Borgarteigar, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg golfvöll, Móaflöti 1 og Móaflöti 2-11. Svæðið er staðsett sunnan Biskupstungnabraudar og austan Sólheimavegar. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Íbúðalóðir eru með rúnum byggingarheimildum og er heimilt að stunda þar léttan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngutengingar innan svæðisins og að helstu þjónustum sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verður tryggt með hjóla- og göngustíg samhliða Sólheimavegi, milli Borgar og Sólheima

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja deiliskipulagið til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að haldinn verði opinn kynningarfundur þar sem skipulag þetta ásamt öðrum deiliskipulagsáætlunum sem nú eru til vinnslu í og við þéttbýlið á Borg verði sérstaklega kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

20. Borg-þéttbýli; Deiliskipulag - 2210039

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbfíla.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja deiliskipulagið til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að haldinn verði opinn kynningarfundur þar sem skipulag þetta ásamt öðrum deiliskipulagsáætlunum sem nú eru til vinnslu í og við þéttbýlið á Borg verði sérstaklega kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

21. Borg í Grímsnesi; Vesturbyggð; Ný byggð á reit ÍB2, I14 og I15; Deiliskipulag - 2210061

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til deiliskipulagningar á reitum ÍB2, I14 og I15 innan þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Deiliskipulagssvæðið tekur til svæðis vestan Skólabrautar á Borg og er um 16 ha að stærð. Skipulagssvæðið afmarkast af Biskupstungnabraut og fyrirhuguðu miðsvæði í suðri og suðaustri, tjaldsvæði og Skólabraut í austri og opnu svæði í norðri. Mörk svæðisins til vesturs ráðast af mörkum landeigna í eigu sveitarfélagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykka skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að haldinn verði opin kynningarfundur þar sem skipulagslýsing þessi ásamt öðrum deiliskipulagsáætlunum sem nú eru til viðnslu í og við þéttbýlið á Borg verði sérstaklega kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

22. Ásgarður; Ferjubakki 1 L232538 og 3 L232540; Breytt lega lóða ; Deiliskipulagsbreyting - 2209044

Lögð er fram umsókn frá Sverri Sverrissyni ehf er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst breytt lega lóða Ferjubakka 1 og 3.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykka framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

23. Vaðnes land L210708; Deiliskipulagsbreyting; Breytt lega lóðar - 2210045

Lögð er fram umsókn frá Antoníu Helgu Helgadóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vaðness. Í breytingunni felst breyting á mörkum Mosabrautar 27 ásamt breytingu á lóð sem tekur til bílastæða.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykka framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

24. Nesvegur 5 L205644 og Nesvegur 6 L205645; Breytt lóðamörk; Dsk.breyting - 2210060

Lögð er fram umsókn frá Vigfúsi Halldórssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Nesvegi í landi Vaðnes. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkun á milli lóða Nesvegar 5 og 6.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að synja framlagðri breytingu á deiliskipulagi svæðisins vegna fjarlægðar byggingarreita frá ám og vötnum.

25. Bíldsfell 1 L170812; Frístundasvæði F20; Deiliskipulag - 2202010

Lögð er fram umsókn frá Kistufossi ehf. sem tekur til deiliskipulags frístundasvæðis í landi Bíldsfells 1 L170812. í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining 30 frístundalóða auk byggingaheimilda innan svæðisins.

Skipulagsnefnd telur að framlagt deiliskipulag samræmist ekki stefnu aðalskipulags Grímsnes- og Grafninghsrepps er varðar stærðir nýrra frístundasvæða þar sem segir að ný frístundasvæði verði ekki stærri en 25 ha innan hverrar jarðar eða jarðarhluta. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafninghsrepps að afgreiðslu málsins verði frestað, hönnuði deiliskipulagsins verði gefinn kostur á að bregðast við og leggja fram uppfært deiliskipulag á grundvelli framangreindra heimilda aðalskipulags Grímsnes- og Grafninghsrepps 2020-2032.

Hrunamannahreppur:

- 26. Syðra-Langholt 4 (L166821); umsókn um byggingarheimild; vélageymsla - 2010096**

Fyrir liggur ný umsókn Helga Kjartanssonar fyrir hönd Foldvegar ehf., móttokin 17.11.2020, um byggingarheimild til að byggja vélageymslu 420 fm á jörðinni Syðra-Langholt 4 L166821 í Hrunamannahreppi. Málið var grenndarkynnt 17.11.-17.12.2020 og bárust engar athugasemdir við kynningu málsins á þeim tíma. Þar sem lengra en ár er liðið frá samþykkt sveitarstjórnar vegna málsins er það tekið til afgreiðslu á nýjan leik í samræmi við 5.9.5.gr. skipulagsreglugerðar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málínu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Komi til frekari framkvæmda innan jarðarinnar mælist nefndin til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

- 27. Selhofðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2106076**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði í mynni Þjórsárdals. Innan svæðisins er gert ráð fyrir uppbyggingu á þjónustumiðstöð. Samhliða er lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til svæðisins. Í breytingunni felst að sett er inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði VP26 og skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkað samsvarandi. Felld er út aðkoma að Selfit og verður hún sameiginleg með aðkomu að þjónustumiðstöð við Selhofða. Settur er inn nýr vegur frá þjónustumiðstöð að hótelri í Reykholti. Reiðleið er færð nær Þjórsárdalsvegi á kafla en að öðru leyti er hún aðlöguð að nýjum vegi að Reykholti. Gert er ráð fyrir gönguleið frá afþreyingar- og ferðamannasvæði í Sandártungu (AF9) yfir VP26 og að afþreyingar- og ferðamannasvæði í Selfit (AF10).

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykka tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 28. Selhofðar í Þjórsárdal; þjónustumiðstöð; Deiliskipulag - 2110091**

Lögð er fram umsókn frá Rauðukömbum ehf er varðar nýtt deiliskipulag að Selhofðum í Þjórsárdal. Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til ferðamannasvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal á um 52 ha svæði þar sem m.a. gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð sem þjóna muni öllum Þjórsárdal. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þjónustumiðstöð, gistihúsi/smáhúsi, aðstöðuhúsi auk salernishúsa og spennistöðvar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

29. Mið- og Árhraunsvegur; Breytt landnotkun; Aðal- og deiliskipulagsbreyting - 2201044

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi sem tekur til Mið- og Árhraunsvegar eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að landnotkun landsins færst til fyrra horfs með þeim hætti að skilgreind landnotkun landsins verði landbúnaðarsvæði í stað frístundasvæðis. Svæðið sem um ræðir tekur til um 19 ha. Samhliða er óskað eftir því að samþykkt verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins í takt við breytingu á aðalskipulagi. Skipulagsstofnun hefur nú þegar samþykkt óverulega breytingu á aðalskipulagi. Óveruleg breyting á deiliskipulagi er lögð fram að nýju vegna uppfærslu á deiliskipulagi eftir athugasemd sem barst við grenndarkynningu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

30. Birkikinn L166577; Gráholt; Steinsholt II land L219054 (Birkikinn 2); Stofnun lóðar og breytt staðfang - 2210041

Lögð er fram umsókn um stofnun landeignar úr landi Birkikinnar L166577. Óskað er eftir að stofna 29,8 ha land og að það fái staðvísinn Gráholt sem er örnefni á holti innan spildunnar. Jafnframt er óskað eftir að Steinsholt II land L219054 fái staðfangið Birkikinn 2. Aðkoma að landinu er um land upprunlandsins eins og sýnd er á lóðablaði.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landsins skv. fyrirliggjandi umsókn eða staðföng. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki erindið.

31. Stóra-Hof L203207; Deiliskipulagsbreyting - 2205041

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Stóra-Hofi eftir auglýsingu. Gerðar eru breytingar á uppdrætti og greinargerð skipulagsins. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin bendir á að skilgreining nýs vatnsbóls er tilgreind utan lóðar innan deiliskipulagsins. Jafnframt bendir nefndin á að svæðið er í heild skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði en ekki frístundasvæði eins og fram kemur í athugasemd sem barst vegna breytingarinnar. Nefndin bendir jafnframt á að engar breytingar eru gerðar á skilgreindri veltengingu eins og hún birtist í gildandi deiliskipulagi og tekur breyting þessi ekki til hennar. Að mati nefndarinnar er því ekki þörf á að bregðast við þeim athugasendum eða umsögnum sem bárust vegna breytingarinnar. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

32. Áshildarvegur 9 L230770; Deiliskipulagsbreyting - 2204056

Lögð er fram umsókn frá Rúnari Lárussyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Áshildarvegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindur er byggingarreitur á lóð Áshildarvegar 9.

Skipulagsnefnd UTU telur ekki ástæðu til að skilgreina byggingarreit á viðkomandi lóð enda hafi hún upphaflega átt að fylgja lóð Áshildarvegar 13 eins og fram hefur komið í fyrrí bókun vegna málsins. Að mati nefndarinnar væri lagt fordæmi fyrir uppskiptingu lóða innan svæðisins með samþykkt byggingarreitar á viðkomandi lóð. Slíkt fordæmi væri slæmt gagnvart núverandi innviðum svæðisins og gagnvart skilmálum gildandi deiliskipulags um uppbyggingu og heildarásýnd uppbyggingar innan svæðisins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að beiðni um deiliskipulagsbreytingu verði hafnað.

33. Vorsabær 1 L166501; Deiliskipulagsbreyting - 2209104

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lands Vorsabæjar 1 L166501. Í umsókninni felst að heimild er veitt fyrir uppbyggingu íbúðarhúss í stað frístundahúss á byggingarreit 1 auk þess sem byggingarheimildir eru auknar úr 150 fm sumarhúsi í heimild fyrir íbúðarhúsi, gestahúsum og bílskúr innan 300 fm byggingarheimildar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að málínu verði frestað vegna ófullnægjandi gagna.

34. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Deiliskipulag; Fyrirspurn - 2210042

Lögð er fram fyrirspurn frá Dazza ehf er varðar uppbyggingu innan lóðar Brjánsstaða lóð 4 L213014. Gert er ráð fyrir uppbyggingu gistibjónustu í formi lítilla útleiguþúsa og þjónustuhúss.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við gerð deiliskipulags sem tekur til uppbyggingu gistibjónustu á lóð Brjánsstaða lóð 4 í takt við framlagðar fyrirspurn. Samhliða skal unnin breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði á reitnum.

Öll sveitarfélög:

35. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-172 - 2210001F

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-172.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:40

Fundargerð skipulagsnefndar UTU
249. fundur skipulagsnefndar UTU
haldinn að Laugarvatni miðvikudaginn 9. nóvember 2022
og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Walter Fannar Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson, Nanna Jónsdóttir, Vigfús Þór Hróbjartsson, Davíð Sigurðsson og Elísabet D. Erlingsdóttir.

Fundargerð ritaði: Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

Fundargerð var send til nefndarmanna til rafrænnar undirritunar.

Dagskrá:

Bláskógabyggð:

1. **Miðdalur L167644; Aukin byggingarheimild; Hjólhýsasvæði fellt út; Deiliskipulagsbreyting - 2010059**

Lögð er fram umsókn frá Graffu vegna breytinga á deiliskipulagi orlofs- og frístundabyggðar í landi Miðdals í Laugardal eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að byggingarheimild fyrir frístundahús innan svæðisins er aukin úr 60 fm í 100 fm og að lóðarhafar geti byggt allt að 40 fm smáhýsi/gestahús á hverri lóð innan stækkaðs byggingarreits auk 15 fm geymslu sem teljast í báðum tilfellum til heimilaðs hámarksflatarmáls orlofs- eða frístundahúsa innan hverrar lóðar. Skilmálar sem taka til þjónustuhúss og tjaldsvæðis eru uppfærðir auk þess sem hjólhýsasvæði á eldri uppdrætti er fellt út. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

2. **Gatfellsskáli; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211017**

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Gatfellsskála í Bláskógabyggð. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

3. Skjaldborg og Kerling; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211018

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Skjaldborgar og Kerlingar í Bláskógabyggð. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1,2 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

4. Tungubotnar L212210; Kjóastaðir 3, Stækkun lands - 2210077

Lögð fram umsókn um stofnun landeignar úr landi Tungubotna L212210. Óskað er eftir að stofna 2.880 fm lóð sem fyrirhuguð er að sameina við Kjóastaðir 3.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrilliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykki erindið með fyrirvara um lagfærð gögn.

Flóahrepur:

5. Syðri-Gegnishólar L165499; Deiliskipulag - 2109091

Lögð er fram umsókn frá Olil Amble er varðar nýtt deiliskipulag að Syðri-Gegnishólum. Í skipulaginu felst að heimilt verði að byggja tvö allt að 300 fm íbúðarhús og bílskúr, samþygt eða aðskilið. Undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægðar frá veki liggur fyrir og lögð fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

6. Dalsmynni L166326; Náma; Efnistaka; Framkvæmdarleyfi - 2206080

Lögð er fram umsókn frá Gröfujónustu Steins ehf. er varðar efnistöku í landi Dalsmynnis L166326 eftir grenndarkynningu. Í framkvæmdinni felst heimild fyrir efnistöku innan námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E1. Gert er ráð fyrir efnistöku að 30.000 m3. Samhliða er lögð fram skýrsla frá ISOR vegna hugsanlegra áhrifa efnistökunnar á vatnsból innan svæðisins. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu framkvæmdaleyfisins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar. Samkvæmt framlagðri skýrslu ÍSÓR vegna umsóknar er ekki talin teljandi hætta á mengun vatnsbóls vegna efnistökunnar. Nefndin mælist til þess að leyfið verði útgefíð með eftirfarandi fyrirvorum og skilyrðum.

- Efnistaka er heimil innan svæðisins allt að 30.000 m3.
- Efnislosun innan svæðisins er óheimil.

- Framkvæmdaaðili skal leggja fram tímasetta áætlun um efnistöku og gera grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni.
- Framkvæmdaaðila verði gert að halda Hurðarbaksvegi sem liggur frá Víllingaholtsvegi (305-01) að efnistökusvæðinu í sambærilegu ástandi og hann er í dag og sinna viðeigandi viðhaldi á honum í samráði við Vegagerðina á meðan á efnistöku stendur, umfram það sem getur talist eðlilegt slit vegna daglegrar umferðar um veginn.
- Eftir að efnistöku er lokið verði svæðinu lokað með viðeigandi hætti, nánar verði gert grein fyrir því innan áætlunar framkvæmdaaðila um efnistöku og lokun námunnar að henni lokinni.
- Geymsla mengandi efna s.s. olíu, umfram það sem er á vélum tengdum efnistökunni hverju sinni er óheimil innan svæðisins.
- Geymsla annars tækjabúnaðs en þess sem tengist efnistökunni er óheimil innan svæðisins.
- Þeim sem athugasemdir gerðu við málið verði send niðurstaða skipulagsnefndar og sveitarstjórnar.

7. Fyrirspurnir til skipulagsnefndar; Laugardælur; aðkomuvegur - 2211028

Lögð er fram fyrirspurn frá Laugardælum ehf er varðar skilgreiningu nýs aðkomuvegar að Laugardælum frá nýrri legu þjóðvegar 1.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn en mælist til þess að hönnun tenginga á svæðinu sé unnin í nánu samráði við aðra hagsmunaaðila innan þess s.s. Golfklúbb Selfoss og Selfossveit.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

8. Hvítuborgir L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag - 2203020

Lögð er fram tillaga deiliskipulags í landi Hvítuborgar L218057 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingaheimilda vegna reksturs verslunar- og þjónustu innan svæðisins. Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustuhúsa, starfsmannahúsa auk allt af 15 stakra gistihúsa sem hvert um sig mega vera allt að 90 fm að grunnfleti. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri deiliskipulagstillögu. Málið var til afgreiðslu á 248. fundi nefndarinnar þar sem málinu var frestað og farið fram á að unnin væri fornleifaskráning innan svæðisins. Sú skráning hefur farið fram og er hún lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri umsögn Minjastofnunar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um að texta er varðar hugsanlegar flóttaleiðir um aðliggjandi land verði felldar út úr skipulaginu. Að mati nefndarinnar er uppbygging, gróðurþekja og þéttleiki svæðins ekki með þeim hætti að þörf sé á skilgreiningu flóttaleiðar til norður út af svæðinu að svo komnu máli. Að mati nefndarinnar er æskilegt að samþykki landeigenda aðliggjandi lands fyrir hugsanlegum flóttaleiðum liggi fyrir áður en slíkt er skilgreint í skipulagi. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti að öðru leyti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

9. Vaðnes; Frístundabyggð; 3. áfangi; Deiliskipulag - 2204055

Lögð er fram tillaga deiliskipulags er varðar stækkun frístundabyggðar í landi Vaðness eftir kynningu. Í tillögunni felst að gert er nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta frístundasvæðis F26 skv. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 65 sumarhúsalóðum á 54 hektara svæði. Athugasemdir og umsagnir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt andsvörum umsækjanda. Nefndin mæltist til þess að afgreiðslu málsins fyrir auglýsingu yrði frestað á 247. fundi nefndarinnar þar sem ekki hafði verið unnin fornleifaskráning innan svæðisins. Sú skráning hefur nú verið unnin og er lögð fram ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Skipulagsnefnd UTU tekur undir andsvör umsækjanda vegna þeirra athugasemda sem bárust er varðar notkun vegar inn á svæðið. Hlutaðeigandi sumarhúseigendum hefði mátt vera ljóst að á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er gert ráð fyrir því að landnotkun viðkomandi svæðis sem deiliskipulagið tekur til er skilgreind sem frístundabyggð innan aðalskipulagsins. Að mati nefndarinnar er skynsamlegt að nýta núverandi vegainnviði innan jarðarinnar enda geri landeigendur ráð fyrir því að standa að vegabótum á viðkomandi vegi í takt við aukna umferð. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

10. Skeiðháholt land (L166517); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - 2210079

Fyrir liggur umsókn Emils P. Guðmundssonar fyrir hönd Steinunnar Gunnlaugsdóttur með umboð landeigenda, móttokin 17.10.2022, um byggingarheimild fyrir 52 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Skeiðháholt land L166517 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að málid fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslag nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málínus vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

11. Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti; Aðalskipulagsbreyting - 2207018

Lögð fram tillaga vegna breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti. Flóa- og Skeiðamannafréttur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjafréttar milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarfit (L179883), AF19 Skeiðamannafit (L179888), AF20 Gljúfurleit (L166705), AF21 Bjarnalækjarbotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707) og AF23 Setrið (L166521). Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að fylgja gistiþássum í fjallaskálum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Verið er að setja ramma utan um mannvirki á hverju svæði fyrir sig og uppbyggingu þeirra og viðhaldi til framtíðar.

Vatnsverndarsvæði skálanna eru sett inn á uppdrátt aðalskipulags og einnig er heimild veitt fyrir minniháttar efnistöku vegna úrbóta á aðkomuvegum. Skipulagslýsing vegna breytingar var í kynningu 25. ágúst - 16. september.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

12. Gljúfurleit skálasvæði; Gnúpverjafréttur; Deiliskipulag - 2202085

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til skálasvæðisins Gljúfurleit á Gnúpverjafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbryggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningaráhlfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

13. Setrið fjallasel; Flóa- og Skeiðamannafréttur; Deiliskipulag - 2202088

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Setursins á Flóa- og Gnúpverjafrétt. Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbryggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

14. Tjarnarver fjallasel; Gnúpverjafréttur; Deiliskipulag - 2202087

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Tjarnarvers á Gnúpverjafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbryggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningaráhlfs og tillögu að fyrirhuguðu vatnsbóli.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

15. Bjarnalækjarbotnar fjallasel; Gnúpverjafréttur; Deiliskipulag - 2202086

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Bjarnalækjarbotna á Gnúpverjafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbryggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita og áningaráhlfs.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

16. Skeiðamannafit L179888; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205039

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Skeiðamannafit á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbryggingu. Í

deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningaráhlfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

17. Sultarfit L179883; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205038

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Sultarfits á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningaráhlfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

18. Hallarmúli L178699; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205037

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Hallarmúla á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningaráhlfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

19. Klettur L166522; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205036

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Kletts á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningaráhlfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15



Umhverfis- og tæknisvið uppsveita
Dalbraut 12
840 LAUGARVATNI
utu@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi
vigfus@utu.is

Umsögn vegna leyfis fyrir efnistöku í landi Dalsmynnис í Flóahreppi.

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar erindi vegna umsóknar frá Gröfubjónustu Steins ehf. er varðar efnistöku í landi Dalsmynnис L166326 eftir grenndarkynningu, dags 10. nóvember 2022. Í framkvæmdinni felst heimild fyrir efnistöku innan námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E1. Gert er ráð fyrir efnistöku að 30.000 m³.

Síða 1/1

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á landnotkun en bendir á að náma heitir E11 á gildandi aðalskipulagi.

Vegagerðin minnir á að aukin þungaumferð hefur veruleg áhrif á niðurbrot á næstliggjandi vegum eins og Hurðarbaksveg (3199-01) og Villingaholtsveg (305-01).

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

[@vegagerdin](http://vegagerdin.is)